



Til:

- sambandsaðila ÍSí
- íþrótt- og ungmennafélaga og deilda þeirra

Reykjavík, 26. apríl 2018

Ágætu félagar!

Í kjölfar #metoo yfirlýsinga íþróttakvenna þá sendi ÍSí, þann 31. janúar sl., öllum einingum íþróttahreyfingarinnar stöðubrjef þar sem fram kom yfirlit yfir það helsta sem ÍSí gerði í kjölfar #metoo og áætlanir um frekari aðgerðir vegna málsins.

Með bréfi þessu viljum við halda áfram að upplýsa ykkur um stöðu mála og það nýjasta er varðar baráttuna gegn hvers konar ofbeldi og áreitni í íþróttahreyfingunni.

- Starfshópur mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur verið skipaður og er að störfum. Ása Ólafsdóttir lögfræðingur og meðlimur í framkvæmdastjórn ÍSí er fulltrúi ÍSí í starfshópnum. Ása starfaði m.a. með teymi Neyðarmóttöku um árabíl og hefur yfirgripsmikla þekkingu á málefnum. Hópurinn hyggst skila af sér tillögum til aðgerða fljótt og vel. Starfshópurinn er meðal annars að skoða þá verkferla sem eru við lýði í íþróttastarfinu og vinna tillögur til úrbóta. Starfshópurinn hefur sett í loftið samráðsgátt á vefnum og hefur verið leitað til íþróttahreyfingarinnar um ábendingar um aðgerðir, bætt vinnulag og jafnvel lagabreytingar til að hindra kynferðislega áreitni og ofbeldi. Senda má áskoranir og önnur bréf í gáttina. Opið er fyrir innsendingu umsagna til 7. maí nk. Slóð á gáttina er eftirfarandi: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=46+](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=46+) ÍSí væntir mikils af starfi hópsins og bíður átekta eftir niðurstöðum hans.
- Búið er að uppfæra efni þjálfaramenntunar ÍSí með hliðsjón af #metoo og er þegar byrjað að nota nýja efnið á þjálfaranámskeiðum ÍSí.
- Búið er að yfirfara kröfur til Fyrirmyndarhéraða ÍSí og Fyrirmyndarfélaga ÍSí með hliðsjón af #metoo.
- Fræðsluefni um málefnið hefur markvisst verið birt á miðlum ÍSí og sent út til sambandsaðila ÍSí. Aðgengi að fræðsluefni hefur verið gert sýnilegra og leiðir að því á miðlum ÍSí einfaldaðar.
- Fræðslumyndbönd frá norskum systursamtökum ÍSí voru textuð og birt á heimasíðu ÍSí og samfélagsmiðlum. Myndböndin eru aðallega um samskipti þjálfara og iðkenda og er íþróttahreyfingunni heimilt að nýta þau í sínu starfi og á sínum miðlum.
- ÍSí sendi til sinna sambandsaðila hnapp til að auðvelda hreyfingunni að auðkenna á heimasíðum sínum og samfélagsmiðlum fræðsluefni um málefnið. Margir hafa nýtt sér hnappinn og notað annað hvort sitt eigið fræðsluefni eða fræðsluefni frá ÍSí á miðlum sínum.
- Vinna við uppfærslu á siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSí er langt komin, í samstarfi við fagaðila. Breytingarnar verða kynntar fyrir hreyfingunni þegar framkvæmdastjórn ÍSí hefur um þær fjallað og staðfest.
- Vinna við yfirferð laga ÍSí, reglugerða og fræðsluefnis stendur yfir. Lögum ÍSí verður einungis breytt á Íþróttáþingi og verður næsta þing haldið á vormánuðum árið 2019.
- ÍSí sendi út könnun til sambandsaðila sinna varðandi siðareglur og er verið að vinna niðurstöður.

Sambandsaðilar hafa margir hverjir haft samband við ÍSí vegna ýmissa spurninga sem vaknað hafa í kjölfar #metoo yfirlýsinganna og hefur skrifstofa ÍSí reynt að aðstoða eftir bestu getu.

Ákveðið var að hinkra með áður áætlaða fundi með sérsamböndum og íþróttahéruðum á meðan starfshópur ráðuneytis er að störfum.





Við hvetjum íþróttahreyfinguna til að nýta sér samráðsgátt mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að koma á framfæri hvers konar ábendingum og áskorunum er varða málefnið.

Við viljum einnig minna á að það er hlutverk okkar allra að vinna að bættri menningu í íþróttahreyfingunni og fræða þá sem koma að starfinu með einum eða öðrum hætti um hegðunarviðmið og siðareglur hreyfingarinnar.

Að lokum þökkum við íþróttahreyfingunni fyrir öflug viðbrögð í kjölfar #metoo yfirlýsinganna og þann metnað sem hreyfingin hefur almennt sýnt með því að bregðast skjótt og faglega við í erfiðum og viðkvæmum aðstæðum.

**Með vinsemd og virðingu,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Lárus L. Blöndal  
forseti

Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

